

- e. Þeir sem fyrir 1. júní 1993 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna vörubifreið fyrir allt að 5 smálesta farm.
- f. Þeir sem fyrir 1. janúar 1951 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga eiga rétt á að fá ótímabundin ökuréttindi.

7. gr.

Á eftir 56. gr. komi svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

- a. Ákvæði 2., 19., 40. og 44. gr. um æfingaakstur og próf í akstri dráttarvéla gilda eftir því sem við á um æfingaakstur og próf í akstri torfærutækja.
- b. Þar til fram hefur farið heildarendurskoðun reglugerðarinnar gilda ákvæði hennar áfram með þeim breytingum sem leiða af breyttum ákvæðum umferðarlaganna.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/30. mars 1987, öðlast gildi 1. júní 1993.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 116/29. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júnímánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í júnímánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 5,1%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í júnímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.